

Stjórnarfundur í Geðhjálp

11. febrúar 2025 kl. 16:00

Mætt: Svava Arnardóttir, Jón Ari Arason, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Sigmar Þór Ármannsson, Sigrún Sigurðardóttir, Sveinn Rúnar Hauksson, Elín Atim og Grímur Atlason sem skrifaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð frá 14. janúar sl.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Grímur fór yfir verkefni framkvæmdastjóra sl. vikna. Talsvert af einstaklingsmálum þar sem fólki er neitað um þjónustu á grundvelli greiningar (fötlunar) og/eða fíknar. G-vítamín hafa tekið mikinn tíma og hefur framkvæmdastjóri, stjórnarfolk og starfsfolk skrifstofu farið í fjölmiðlaviðtöl vegna þessa.

3. Erindi frá SAK

Geðhjálp barst erindi frá dag- og göngudeild SAK þar sem óskað var eftir styrkt til kaupa á TMS tæki fyrir deildina. Tækið kostar rúmar 9 m.kr. og er leitað til fyrirtækja og félagasamtaka eftir stuðningi. Stjórn bendir á Styrktarsjóð geðheilbrigðis. Framkvæmdastjóra falið að svara þessu erindi.

4. Aðalfundur Geðhjálp 2025

Formaður leggur til að aðalfundur Geðhjálp verði haldinn þriðjudaginn 25. mars kl. 16. Framkvæmdastjóra falið að kanna hvort salurinn í Valsheimilinu, sem aðalfundur samtakanna 2024 var haldinn, sé laus. Boðað verður til fundar samkvæmt lögum samtakanna.

5. Ráðstefnan Social change

Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu verkefnisins. Búið er að staðfesta alla gestafyrirlesara sem tala á föstudeginum og verið að leggja lokahönd á vinnustofur sem fara fram á fimmtudeginum 15. maí.

6. Uppskeyra – viðburður fötlunarfræði 14. og 15. Febrúar

Svava sagði frá viðburðum í tilefni 20 ára afmælis fötlunarfræði sem fræðigreini – fer fram 8. febrúar til 8. mars.

7. Opinn fundur Geðhjálp

Geðhjálp stóð fyrir sex opnum fundum á landsbyggðinni í haust sem tókust vel. Svava leggur til að Geðhjálp haldi opinn fund í samstarfi við TR um breytingarnar á örorkubótakerfinu sem tekur gildi 1. september 2025. Stefnt á að halda hann í byrjun mars og er framkvæmdastjóra falið að velja hentugan stað og velja dagsetningu.

Fundi slitið kl. 17:15

Svava Arnardóttir
Elín Atim
Elín Ebba Ásmundsdóttir
Jón Ari Arason
Sigmar Þór Ármannsson
Sigrún Sigurðardóttir
Sveinn Rúnar Hauksson